

Mat á skólamálum í Þingeyjarsveit

Unnið fyrir sveitarfélagið Þingeyjarsveit

Apríl 2010

Kristín Erla Harðardóttir
Gunnar Þór Jóhannesson
Arnaldur Sölvi Kristjánsson




Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. GAGNASÖFNUN OG AÐFERÐIR	6
3. ÞINGEYJARSVEIT	8
3.1 Skólamál á svæðinu	9
3.2. Skólarnir og aðstaðan.....	12
4. Fjárhagur Þingeyjarsveitar	19
5. Sýn sveitarstjórnanna	23
6. Sýn starfsfólks	26
6.1 Sameining.....	26
6.2 Sameining leikskóla og tónlistarskóla í sveitarfélaginu.....	28
6.3 Félagslegur þáttur barna.....	29
6.4 Vegalengdir	30
6.5 Samstarf milli skólanna.....	30
6.6 Hagræðingar	31
7. RADDIR FORELDRA.....	32
7.1 Staða skólanna	32
7.2 Skólar og sveitarfélag	32
7.3. Viðhorf til breytinga	33
7.4. Leiðir til framtíðar	34
7.5. Samantekt	36
8. LOKAORÐ	37
HEIMILDASKRÁ.....	41

1. INNGANGUR

Sveitastjóri Þingeyjarsveitar fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera mat á skólamállum í sveitarfélaginu. Markmið úttektar var að fá fram tillögur um hvernig skólamállum gæti verið betur komið fyrir út frá fjárhagslegum, faglegum og samfélagslegum sjónarmiðum. Í dag eru reknir þrír grunnskólar í sveitarfélaginu, þ.e. Stórutjarnaskóli, Litlulaugaskóli og Hafralækjarskóli sem eru reknir hver með sínu sniði. Stórutjarnaskóli er með bekkjadeildir frá 1. til 10. bekk auk þess sem innan skóla er rekin tónlistarskóli og leikskóli bæði í skólanum og einnig í Kiðagili í Bárðardal. Litlulaugaskóli er skóli sem rekin er með nemendum í bekkjadeildum frá 1. til 10. bekk auk þess sem leikskólinn á svæðinu er einnig undir hatti skólans. Á staðnum er einnig rekinn sjálfstæður tónlistarskóli sem á að sameinast skólarekstri á næsta skólaári. Hafralækjarskóli er skóli með sömu bekkjardeildir og hinir en auk þess er tónlistarskóli hluti af honum. Á staðnum er einnig rekinn sjálfstæður leikskóli, sem mun á næsta skólaári falla undir rekstur skólans. Auk Þingeyjarsveitar koma tvö önnur sveitarfélög að rekstri Hafralækjarskóla, en þau eru Norðurþing og Tjörneshreppur.

Kostnaður sveitarfélaga við rekstur skóla er jafnan mikill og stór hluti af útgjöldum hvers sveitarfélags fer í menntamál. Því er ekki óeðlilegt að vera vakandi yfir mögulegri hagræðingu í þessum málaflokki. Aðstæður í Þingeyjarsveit eru með þeim hætti að sveitarfélagið nær yfir víðfeðmt landsvæði og þannig eiga fjarlægðir sem nemendur þurfa að ferðast í og úr skóla stóran þátt í ákvörðunartöku um hagræðingu. Einnig er ekki hægt að líta fram hjá því að nemendum hefur fækkað í skólunum á síðustu árum og sú þróun virðist ekki vera að snúast við (sjá töflu 1.1.).



Mynd 1.1. Fjöldi barna í þremur grunnskólum sveitarfélagsins.

Markmið þessa mats er að svara eftirfarandi spurningum sveitarstjórnar: a) Hvað er hagkvæmt að reka marga grunnskóla í sveitarfélaginu út frá fjárhagslegum, faglegum og samfélagslegum sjónarmiðum? Taka verður mið af fjarlægðum. b) Hver er hagkvæmni þess að reka saman grunnskóla, leikskóla og hugsanlega tónlistarskóla undir einum hatti? Um leið skal skoða hvort hagkvæmt sé að reka einn tónlistarskóla sem nær til allra skólasvæða. c) Hverjir eru kostir og gallar þess að skipta grunnskólanum upp, þ.e. reka yngstu bekkji grunnskóla með leikskóla og jafnvel samkeyra unglingadeildir í einum eða tveimur skólum? d) Er þörf á að endurskoða fyrirkomulag skólaþjónustu? Annars vegar heyrir slíkt fyrirkomulag undir skólaþjónustu Norðurþings og hins vegar er Stórutjarnarskóli með sérsaming við Háskólann á Akureyri og aðra fagaðila e) Hvaða áhrif hefur hugsanleg staðsetning grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla á Framhaldsskólann á Laugum?

Þar sem mikil óvissa ríkir um fjárhagslega þætti í rekstri skólanna, bæði þá sem eru á könnu sveitarfélags og ríkis, var lögð áhersla á að svara þessum spurningum ekki eingöngu út frá hagrænum forsendum heldur ekki síður út frá faglegum og samfélagslegum sjónarmiðum.

Til að svara framantöldum spurningum voru eftirfarandi gögn notuð: Í fyrsta lagi var farið yfir bókhaldsgögn fyrir árið 2008 (þar sem bókhaldsgögn fyrir árið 2009 lágu ekki fyrir). Í öðru lagi var farið yfir upplýsingar frá Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga fyrir árið 2008 og áætlaðar fjárveitingar fyrir árið 2010 auk tölulegra upplýsinga frá skólastjórnendum í hverjum skóla fyrir sig. Í þriðja lagi voru tekin einstaklingsviðtöl við alla sveitastjórn Þingeyjarsveitar, fólk úr fræðslunefnd og skólastjóra skólanna þriggja. Í fjórða lagi var húsnæði skólanna

skoðað. Í fimmta lagi voru framkvæmd sex rýnihópaviðtöl , tvö í hverjum skóla, annars vegar við hóp kennara og annarra starfsmanna skólanna og hins vegar við foreldra barna úr hverjum skóla.

Umfjöllunin hér á eftir skiptist í átta hluta. Fyrst verður gerð grein fyrir markmiðum matsverkefnisins. Í öðru lagi verður fjallað um gagnasöfnun og þær aðferðir sem beitt var. Í þriðja lagi verður fjallað um sveitarfélagið og kringumstæðum skólamála lýst. Í fjórða lagi er fjallað um fjárhagslegar forsendur fyrir mati á hagkvæmni sameiningar. Í köflum fimm til sjö er gerð grein fyrir sjónarmiðum þriggja hópa sem tengjast málefnum skólanna á beinann hátt. Það eru sveitarstjórnarmenn (5. kafli), starfsfólk skólanna (6. kafli) og foreldrar barna (7. kafli). Leitast verður við að draga fram þau úrræði sem þessum hópum hugnast best til hagræðingar. Í áttunda og síðasta kafla skýrslunnar eru niðurstöður dregnar saman.

2. GAGNASÖFNUN OG AÐFERÐIR

Skipta má mati þessu í stórum dráttum í tvo megin þætti. Annars vegar er stuðst við töluleg gögn fengin úr bókhaldi sveitarfélaga, frá skólastjórnendum skólanna þriggja, frá Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og menntamálaráðuneyti. Ítarlega var farið yfir bókhalds- og aðrar tölulegar upplýsingar sem lágu fyrir og þær skoðaðar í sambandi við áætlaðar tölur frá Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga. Markmiðið með því að skoða þessar tölur er að reyna að átta sig á þeim raunsparnaði sem gæti orðið við að breyta rekstraformum. Vinna með þann lið var í höndum Arnaldar Sölva Kristjánssonar hagfræðings hjá Þjóðmálastofnun í samráði við Kristínu E. Harðardóttur, verkefnastjóra hjá Félagsvísindastofnun.

Hins vegar var viðamikill þáttur að mati þessu falinn í viðtölum, rýnihópum og vettvangsathugunum. Þátttakendur í einstaklingsviðtölum og rýnihópunum voru sveitastjórnarmenn Þingeyjarsveitar, skólastjórar skólanna, fólk úr fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrar barna í skólunum, kennarar og annað starfsfólk skólanna.


Viðtöl voru tekin við skólastjóra, sveitastjórnarfólk og fólk úr fræðslunefnd þann 19. og 20. nóvember 2009 og auk þess sem voru tveir af skólunum skoðaðir þessa daga. Í kjölfar ferðar til Þingeyjarsveitar var kallað eftir öllum bókhaldsgögnum og tölulegum upplýsingum frá skólastjórnendum sem bárust Félagsvísindastofnun á næstu 10 dögum. Í framhaldi af því var farið að huga að því að ræða við kennara, annað starfsfólk og foreldra barna í hverjum skóla. Ákveðið var að gera það með því að mynda sex rýnihópa sem samanstóðu af fimm til sex einstaklingum hver. Tvö rýnihópaviðtöl voru framkvæmd í hverjum skóla, eitt með foreldrum barna og annað með kennurum og öðru starfsfólki. Foreldrahóparnir voru valdir með það markmiði að fá þversnið af foreldrum sem áttu börn á ólíkum aldri í skólunum. Ekki tókst að koma þessu við í desember þar sem miklar annir voru í skólunum vegna prófa og annarra þátta. Viðtölin fóru af þeim sökum fram þann 4. janúar 2010. Tveir starfsmenn Félagsvísindastofnunar sáu um framkvæmd rýnihópaviðtalanna. Við sama tækifæri voru innviðir og starfshættir þriðja skólans skoðaðir.

Einstaklingsviðtölin voru tekin við 13 einstaklinga og var meðallengd þeirra um 33 mínútur (þau voru frá 10 – 75 mínútum). Hvert rýnihópaviðtal tók um eina klukkustund og var reynt að huga að kynjaskiptingu við val á einstaklingum. Þó voru fleiri konur en karlar sem völdust í hópana, sem endurspeglar einnig samsetningu starfsfólks innan skólana. Viðtölin voru tekin upp og meginatriði þeirra voru skráð til greiningar. Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt, né vitnað orðrétt í tiltekna aðila nema að slíkt hafi verið borið undir viðkomandi. Þar af leiðandi verða niðurstöður viðtalanna birtar sem

sjónarmið hóps (stjórnendur skólanna, kennarar, foreldrar og svo framvegis). Einstaklingsviðtölin tók Kristín E. Harðardóttir, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og hún kom einnig að því að stýra rýnihópum ásamt Gunnari Þór Jóhannessyni, verkefnastjóra hjá Félagsvísindastofnun.

3. ÞINGEYJARSVEIT

Þingeyjarsveit varð upphaflega til við sameiningu fjögurra hreppa¹ árið 2001. Sveitafélagið stækkaði enn frekar í júní 2008 þegar Þingeyjarsveit sameinaðist Aðaldælahrepp og varð að einu sveitarfélagi sem telur í dag 941 íbúa (tölur miðaðast við 1. des. 2009) (Hagstofa Íslands, 2010), en þessi íbúafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur síðustu 3 árin². Af íbúafjölda sveitarfélagsins eru um 177 börn á aldrinum eins til fimmtán ára (Hagstofa Íslands, 2010) og af þeim eru um 132 börn³ sem stunda nám í þessum þremur grunnskólum en 44 börn eru innrituð í leikskóla sveitarfélagsins. Landfræðilega nær sveitafélagið yfir um 6004,69 km² landssvæði (Landmælingar Íslands, 2010).



Mynd 3.1. Staðsetning skóla í Þingeyjarsveit.

¹ Hálshrepps, Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepps og Reykdælahrepps.

² 1. desember árið 2007 voru 942 íbúar í Aðaldælahrepp og Þingeyjarsveit, árið 2008 voru 945 íbúar í sveitarfélaginu (Hagstofa Íslands, 2010).

³ Þrjú af þeim börnum eru þó börn sem koma frá Árbót og eru hluti af samning Hafnalækjarskóla og Barnaverndarstofu.


Í sveitarfélaginu eru reknir þrír grunnskólar. Þeir eru Stórutjarnarskóli, Litlulaugaskóli og Hafralækjarskóli. Skipulag skólamála í sveitarfélaginu er með þeim hætti að fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði sveitarstjórnar og starfar skólastjóri við hvern skóla.

Endurskipulagning skólamála er aldrei auðsótt mál enda finna sveitarfélög sem gengið hafa í gegnum slíkt ferli oft fyrir miklum óróa í kjölfar breytinganna. Í dag er kostnaður sveitarfélagsins vegna reksturs skólamála nokkuð hár og ljóst er að skoða þarf sem flesta fleti á þeim málaflökki til að sjá hvort unnt sé að hagræða í honum. Þegar hugað er að slíkri hagræðingu eru margir þættir sem taka þarf tillit til, svo sem hvort akstur barna frá heimili til skóla aukist óhóflega, hvað mörg störf glatast í sveitarfélaginu við slíka hagræðingu eða hvort börn verði félagslega einangruð vegna fámennis í skólum. Auk þess er ekki hægt að líta fram hjá áhrifum breytinga í skólamálaum á framhaldsskólann á Laugum. Þegar skoðaðar eru mannfjöldatölur fyrir sveitarfélagið eftir aldri má sjá svipaða þróun og á flestum landsbyggðarsvæðum, sem er að það gætir ákveðinnar fækkunar íbúa á ákveðnum aldri. Í flestum sveitarfélögum á landsbyggðinni er samdráttur vegna brottflutnings ungs fólks á aldrinum 20 til 34 ára vegna náms og atvinnutækifæra annarstaðar.

3.1 Skólamál á svæðinu

Starfsemi skólanna þriggja er ólík. Stórutjarnarskóli er í dag með 51 nemanda í grunnskóla en auk þess heyrir undir skólann tónlistarskóli með um 32 börn í námi og tveir leikskólar með um 17 börn⁴. Litlulaugaskóli er í dag með 34 nemendur í grunnskóla en auk þess heyrir undir skólann leikskóladeild með um 9 börn. Í húsnaði skólans er einnig rekinn sjálfstæður tónlistarskóli, sem stefnt er tilheyri grunnskólanum á næsta ári. Hafralækjarskóli er með 50 nemendur og á staðnum er rekinn tónlistarskóli sem 33 nemendur sækja. Auk þess er þar rekinn sjálfstæður leikskóli með 18 börnum, en leikskólinn mun falla undir skólastarfið á næsta vetri. Eins og fram hefur komið hér að framan er Hafralækjarskóli rekinn í samráði við tvö önnur sveitarfélög. Alls eiga 43 nemendur af þeim 50 sem stunda nám við skólann lögheimili í Þingeyjarsveit. Þannig má segja að Þingeyjarsveit beri drjúgan hluta af kostnaði við skólahald í þeim skóla.


⁴ Leikskóli er rekin annars vegar á Stórutjörnum með 11 börnum og hins vegar í Kiðagili í Bárðardal með 6 börnum.



Mynd 3.2. Fjöldi barna eftir hverjum bekkjadeild í skólunum þremur skólaárið 2009 til 2010.


Það er nokkuð ljóst að þessir skólar eru hlutfallslega stórir vinnustaðir innan sveitarfélagsins með um 67 starfsmenn í starfi í 52,3 stöðugildum, auk starfsmanna á verktakasamningum við skólaakstur. Við Stórutjarnaskóla starfa 26 starfsmenn⁵ í 19,4 stöðugildum, auk þess sem tveir einstaklingar koma að stoðþjónustu og sex einstaklingar kom að skólaakstri en þeir starfa sem verktakar. Þessi 19,4 stöðugildi skiptast á eftirfarandi hátt: 11 starfsmenn eru í kennslu í grunnskóla í 8,3 stöðugildum, tveir starfsmenn eru við tónlistaskólann í 1,7 stöðugildi, fimm starfsmenn starfa við leikskólann Tjörnum í 2,8 stöðugildi og fimm starfsmenn starfa við leikskólann í Kiðagili í 2,25 stöðugildi. Auk þess starfa sjö aðrir starfsmenn í 4,3 stöðugildum sem skólaliðar, við frístundaheimili, mötuneyti og við húsvörslu.

⁵ Athygli er vakin á því að fjórir einstaklingar eru í mismunandi samsetningu í starfi við bæði skóla, tónlistaskóla og við leikskólana tvo.



Mynd 3.3. Skipting starfa og stöðugilda í Stórutjarnaskóla skólaárið 2009 til 2010.


Við Litlulaugaskóla starfa 19 starfsmenn⁶ í 15,3 stöðugildum. Stoðþjónusta er fengin frá Norðurþingi og akstur er í höndum verktaka. Þessi 15,3 stöðugildi skiptast á þannig að níu einstaklingar eru í 7,5 stöðugildum við kennslu og fjórir einstaklingar eru í fjórum stöðugildum sem stuðningsfulltrúi, við ræstingar, sem skólaliði og starfsmaður í mótuneyti. Auk þess starfa sex einstaklingar í 3,8 stöðugildum við leikskólann. Inn í þessum tölum eru ekki starfsmenn tónlistaskólans enda er hann rekinn sem sjálfstæð eining.



Mynd 3.4. Skipting starfa og stöðugilda við Litlulaugaskóla skólaárið 2009 til 2010.

⁶ Tveir einstaklingar eru í starfshlutfalli í tveimur störfum við skólann.

Við Hafralækjarskóla eru 22 starfsmenn, í 17,6 stöðugildum. Stoðþjónusta er fengin frá Norðurþingi og akstri sinna að jafnaði fjórir einstaklingar en sú þjónusta er í gegnum verktakasamninga. Þessi 17,6 stöðugildi skiptast á eftirfarandi hátt: 16 einstaklingar eru í 12,5 stöðugildum í kennslu, þar af er 1,6 stöðugildi vegna tónlistardeildar og 1,34 stöðugildi vegna Barnaverndarstofu. Við þrif, gæslu og baðvörslu eru 2,5 stöðugildi, við mötuneyti eru tvö stöðugildi og við húsvörslu eru 0,6 stöðugildi.



Mynd 3.5. Skipting starfa og stöðugilda við Hafralækjarskóla skólaárið 2009 til 2010.

3.2. Skólarnir og aðstaðan

Skólarnir voru allir skoðaðir í fylgd skólastjóra til að höfundar skýrslu næðu að átta sig á aðstöðu til skólahalds í hverjum skóla fyrir sig. Tvær af þeim þremur byggingum sem skólarnir eru reknir í eru byggðar sem skólahúsnæði á meðan ein þeirra var byggð að hluta undir aðra starfsemi en hefur verið breytt til að sinna því hlutverki sem hún gegnir í dag. Hafralækjarskóli og Stórutjarnarskóli eru þeir skólar sem reknir eru í byggingum sem hafa verið hannaðar sem skólahúsnæði og eru þær báðar byggðar til að sinna fjölmennari hópi barna en sækja skólann í dag. Auk þess voru þessir tveir skólar byggðir með það hlutverk að vista hluta af nemendum í heimavistum sem tíðkaðist á þeim tíma sem skólarnir voru hannaðir. Nemendum í skólum sveitarfélagsins hefur fækkað og og stefnir í áframhaldandi þróun í þá átt (sjá mynd 1.1. hér að framan).

Í sveitarfélaginu hefur verið lögð gríðarleg vinna í að samþætta leik-, grunn- og tónlistarskóla fyrst að Stórutjörnum og á þessu ári með svipuðu fyrirkomulagi að Hafralæk og Litlulaugum. Þessi vinna hefur tekið tíma og hefur formgerð skólana verið að einhverju leyti umbylt. Samkvæmt skólastjóra Stórutjarnarskóla hefur sá skóli verið frumkvöðull á landsvísu í því að samþætta þessa starfsemi. Fram kom í þónokkrum viðtölum við sveitastjórnarmenn, foreldra og kennara að almenn ánægja ríkti með þetta fyrirkomulag og breytingar á skólunum. Slík samkeyrsla grunnskóla og tónlistaskóla gefur mun fleiri einstaklingum tækifæri að stunda tónlistanáms án mikillar fyrrihafnar foreldra. Auk þess gefur samkeyrslan einnig betri nýtingu á húsakosti skólanna í flestum tilfellum.

3.2.1. Stórutjarnaskóli

Skólahúsnæði Stórutjarnarskóla var tekið í notkun árið 1971 og var sérhannað sem skólahúsnæði með þeim þörfum sem slíkt húsnæði þurfti að uppfylla á þeim tíma. Húsnæði skólans er mjög mikið fyrir þann fjölda nemenda sem í skólanum eru í dag, en til að nýta húsnæðið betur hefur verið rekinn leikskóli og tónlistaskóli í byggingunni á síðustu árum. Það húsnæði sem nýtt er undir þessa starfsemi er að hluta til í því húsnæði sem áður var nýtt sem heimavist nemenda. Húsnæði skólans er í nokkuð góðu ástandi með aðgengi að leikfímiaðstöðu, sundaðstöðu, handverkmenntastofum og matreiðsluáðstöðu. Auk þess er gott mötuneyti í húsnæðinu. Aðstaða til almennrar kennslu er góð og aðstaða kennara er rúm. Húsnæði skólans almennt virðist vera í góðu viðhaldi og ásigkomulagi.

Þó nokkuð af húsnæði skólans er ekki nýtt til dagslegs reksturs í dag þar sem þörf fyrir heimavistun nemenda er ekki lengur fyrir hendi. Þó ber að taka það fram að stór hluti af því húsnæði er nýttur yfir sumarmánuði undir Edduhótel sem rekið hefur verið við Stórutjarnir í þónokkur ár og leiðir til góðrar nýtingar á húsnæði skólans allt árið. Vankantar við að leigja út húsnæði skólans undir hótélrekstur á sumrin er þó þeir að nauðsynlegt er að loka leikskólanum á sumrin. Auk þess er húsnæði skólans nýtt utan skólahalds fyrir bókasafn svæðisins, til leigu gistirýmis fyrir sérstaka viðburði yfir vetrarmánuði og sem hálfgerð félagsmiðstöð svæðisins.

3.2.2. Hafralækarskóli

Skólahúsnæði Hafralækarskóla var tekið í notkun árið 1972, einnig sérhannað sem skólahúsnæði með þeim þörfum sem þurftu að vera til staðar á þeim tíma. Skólinn hefur frá upphafi verið rekinn samkvæmt samstarfssamningi milli Tjörneshrepps, Norðurþings og Þingeyjarsveitar. Húsnæði skólans er mjög stórt og er byggt til að sinna mun fleiri börnum en sækja skólann í dag. Skólahúsnæðið er í sæmilegu ástandi, en þarfnast þó nokkurs viðhalds og viðgerða. Við skólann er aðstaða til sundkennslu, handverkmenntunar og matreiðslu. Leikfimi er kennd í félagsheimili svæðisins, sem er næsta bygging á lóð skólans. Við skólann er rekinn tónlistaskóli sem hefur mjög góða aðstöðu til sinnar kennslu. Leikskóli er rekinn í sérbyggðri leikskólabyggingu sem ekki er tengd daglegum rekstri skólans. Vegalengd milli skólabyggingar og leikskóla er þó nokkur. Við skólann er gott mötuneyti, aðstaða til almennrar kennslu er góð og aðstaða kennara er nokkuð góð.

Skólinn leigir út nokkrar íbúðir til fólks sem býr í sveitarfélaginu, sem eru í tengdri byggingu við skólann, auk sérbygginga á lóð. Sú leigustarfsemi er á höndum skólastjóra. Hluti húsnæðis er þó ekki notaður í daglegan rekstur skólans, sem er heimavist skólans. Hluti af því rými hefur þó verið nýtt undir aðstöðu til kennslu sérnemenda sem koma frá meðferðheimilinu Árbót, en samningur hefur verið í gangi milli skólans og Barnaverndarstofu. Samningur þessi hefur veitt skólanum ákveðna stoð til rekstur síns í formi stöðugilda, en í dag er ljóst að þessi samningur verður ekki endurnýjaður þar sem Barnaverndarstofa hefur gefið það út að unglíngameðferðaheimilinu við Árbót verði lokað á árinu. Nýting skólahúsnæðisins hefur ekki verið eins góð allt árið og að Stórutjörnum, en þó hafa fengist einhverjar leigutekjur yfir sumarmánuðina.

3.2.3. Litlulaugaskóli

Húsnæði Litlulaugaskóla var ekki byggt sem skólahúsnæði heldur heimavist, mötuneyti og íbúð skólastjóra og kennara. Það skólahúsnæði sem upprunalega var byggt undir skólahald er í dag notað undir leikskóla og tónlistarskóla. Leikskólinn hefur verið hluti af skólanum en tónlistarskólinn er að að færast undir rekstur skólans. Húsnæði skólans hefur verið aðlagð að skólastarfi og virðist vera í nokkuð góðu viðhaldi og ástandi. Nemendur skólans nýta sömu íþrótta- og sundaðstöðu og nemendur við Framhaldsskólann á Laugum. Við skólann er rekið mötuneyti, aðstaða til almennra kennslu er viðunnandi en aðstaða kennara er frekar þröng (þó enginn kvarti). Skólinn hýsir bókasafn sveitarfélagsins en aðstaða þess er samnýtt til kennslu.

Samstarf er milli Litlulaugaskóla og Framhaldsskólans á Laugum um sérgreinakennslu elstu bekkja grunnskólans. Allt húnsæði skólans er nýtt yfir vetramánuði en lítil nýting er á því yfir sumarmánuði fyrir utan að bókasafn sveitarfélagsins er opið.

3.3. Skólaakstur

Eins og áður hefur verið tekið fram er sveitafélagið ansi víðfeðmt og landfræðilega dreifist búseta fólks yfir 6004,69 km² landssvæði (Landmælingar Íslands, 2010). Byggð á svæðinu hefur á undanförunum árum grisjast og vegalendir í skóla fyrir börn sveitarfélagsins er nokkuð löng, í sumum tilfellum (sjá töflu 3.1). Haldið er úti skólaakstri við alla skóla sveitafélagsins en vegalengdir sem börn þurfa að ferðast til og frá skólunum þremur eru mislangar. Þegar hugað er að sameiningu skóla verður að taka mið að vegalengdum sem börn þurfa að ferðast í og úr skóla, færð á vegum í mismunandi veðurfari og aðkomu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að rekstri þessarar þjónustu, en hún spilar stóran þátt ef meta hagkvæmni sameiningar skóla. Þótt vegakerfi sveitarfélagsins hafi batnað á síðustu árum er alltaf hægt að betrumbæta samgöngumannvirki utan aðalbrauta. Fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir í landsfjórðungnum með gerð Vaðlaheiðarganga á eflaust eftir að hafa gífurlegar breytingar fyrir möguleika ungmenna til skólasóknar vestast á svæðinu.

	Stórutjarnaskóli	Litlulaugaskóli	Hafralækjaskóli
Stórutjarnaskóli		23	33
Litlulaugaskóli	23		20
Hafralækjarskóli	33	20	
Fjósatunga	22	45	55
Þverá	23	45	55
Svartárvot	53,5	58	71
Klambrasel		47	29
Hveravelir		43	24
Laxárvirkjun	35	19	10
Stafn	33	14	29
Brún	30	9	26

Tafla 3.1. Vegalengdir í km. milli skóla og lengstu vegalengda á svæðinu.

Tölur um vegalengdir voru fengnar frá skólastjórum viðkomandi skóla og úr gögnum sem fóru til Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga. Ef tölur eru skoðaðar fyrir yfirstandandi ár og heildarkílómetra sem nemendur skólana þurfa að ferðast aðra leið til að komast í skólann eru vegalengdir mjög mislangar milli skóla sem börn þurfa að ferðast til að sækja menntun sína. Sem dæmi teljast aðeins 12 nemendur af þeim 34 sem sækja Litlulaugaskóla búa utan þéttbýlis, en þessi börn aka samtals 54,5 km aðra leið til að sækja skólann. Lengsta vegalengd sem þessi börn þurfa að ferðast eru 9 km frá Brún en stysta vegalengd er 3,2 km. frá Breiðumýri. Skólaakstur í og úr skóla er bæði fyrir nemendur í dreifbýli og þéttbýli. Af nemendum við Stórutjarnaskóla teljast 45 falla utan skilgreiningar um þéttbýliskjarna og þurfa samtals að ferðast mun lengri vegalengd í en önnur börn í sveitarfélaginu eða 527,51 km. Þau börn sem þurfa að fara lengstu vegalengd er frá Svartárvoti sem eru um 53,5 km. en stysta vegalengd sem er 4,9 km að Krossi. Skólaakstur til og frá skóla fer fram á fimm akstursleiðum og börnum á leikskólaaldri er einnig ekið í skólabílum. Nemendur frá Hafralækjarskóla sem falla undir skilgreiningu eru 40 talsins af þeim 50 börnum sem sækja skólann og ferðast þau um 426,2 km. Lengsta leiðin fyrir börn á þessu skólasvæði er frá Tjörnesi að eða um 44 km, en engin börn eru þar á skólaaldri. Lengsta vegalengd barna í

Hafralækjarskóla í dag er frá Klambraseli sem eru um 29 km. akstursleið, en stysta er um 3,5 km frá Hólmavaði. Í dag eru eknar fjórar leiðir samkvæmt áætlun með nemendum til og frá skólanum.

Sú vegalengd sem barn þarf að ferðast í skóla hlýtur að hafa áhrif á ákvörðunartöku sveitarfélagsins um sameiningu skóla, auk þess sem kostnaður við akstur nemanda er mikill. Aðkoma Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga að þessum kostnaðarliði í framtíðinni virðist vera óljós. Talið er að sjóður muni koma að stuðning við akstur sem dekkja myndi áfallinn kostnað að miklu leyti, en þegar spurt var um framhaldið var svörun mjög óljós af hálfu sjóðsins. Hafa ber í huga að til að lágmarka kostnað við skólaakstur, hefur verið tekin sú stefna að keyra akstursleið eingöngu einu sinni á dag fram og til baka sem leiðir til þess að skóladagur yngstu barna er mjög langur að mati margra. Inn í þetta kemur einnig að Vegagerð Ríkisins sér ekki um allan mokstur vega í sveitarfélaginu og ber sveitarfélagið ábyrgð á ákveðnum kostnaði við hluta hans. Færð á vegum getur haft áhrif enda hafa margir viðmælenda bent á að erfitt sé að sameina alla skóla í einn vega Fljótshéiðar. Ekki má þó gleyma að í dag er tækni orðin slík að þó að snjóþungt sé er hægt að leysa mál einstakra nema endrum og eins með fjarkennslu í gegnum tölvu.

Að leggja mat á það hvort sparnaður fáiast með því að taka tillit til skólakstur við breyt fyrirkomulag í dreifingu nemenda í skólana eða að leggja niður einn skóla er hæpið. Eingöngu er hægt að gefa vísbendingar (sjá töflu 3.1) um áhrif á lengingu vegalengda ef fyrirkomulaginu er breytt. Jafnfram eru forsendur ekki fyrir því að svara fyrir það hver aðkoma Jöfnunarsjóðs Sveitarfélag verður í niðurgreiðslu slíkrar þjónustu í framtíðinni. Meta þarf þetta út frá ferðatíma nemenda og félagslegum gróða við að fjölga nemendum á einum eða fleiri skólum.

3.4. Stoðþjónustan

Sú stoðþjónusta sem leitað er eftir út fyrir skólanna er til skólasálfræðings, sérkennsluráðgjafa, iðjuþjálfara o.s.frv. Skólarnir þrír nýta ekki allir sama stoðkerfið. Litlulaugarskóli og Hafralækjarskóli sækja skólaþjónustu til Húsavíkur á meðan Stórutjarnaskóli sækir þjónustu til sjálfstætt starfandi fagmanna og til Háskólans á Akureyri. Raddir hafa komið fram um að sú þjónusta sem skólaþjónustan veitir sé ekki nógu skilvirk auk þess sem sterkar raddir hafa heyrst um að þjónustan sé of dýr. Á meðan heyrast sögur af gífurlega góðri þjónustu við Stórutjarnaskóla, sem sé skilvirk og mun ódýrari. Starfsfólk við Stórutjarnir benti einnig á að sálfræðingurinn sem kæmi til þeirra væri stór partur af almennu starfi skólans; viðkomanid kæmi inn einu sinni í viku og krakkarnir væru spenntir fyrir að leita til hennar, auk þess sem

hún sinnir foreldrum og kennurum. Slík þjónusta ýtir undir ánægu með starf skólans og myndar ákveðið samheldni eða flæði milli allra sem koma að máli skólans.

Svo virðist sem skólaþjónusta sem fengin er frá Norðurþingi, sé ekki tengd skólunum á sama hátt og aðkeypt einstaklingsþjónusta sem fengin er við Stórutjarnir. Lengri bið er eftir þjónustuliðum frá Norðurþingi til skólanna og fólki þykir ekki sjást að þjónustan sé hluti af reglulegu starfi skólanna. Kostnaður vegna þessa liðs í bókhaldi skólanna fyrir árið 2008 sýnir einnig að mun dýrara er að kaupa þessa þjónustu af Norðurþingi. Færa má rök fyrir því að hér sé tækifæri til sparnaðar fyrir sveitarfélagið. Ef Hafralækjarskóli og Stórutjarnarskóli eru bornir saman, en þeir skólar eru með svipaðan nemendafjölda, þá kemur í ljós að fyrrnefndi skólinn ber rúmlega tvisvar sinnum kostnað Stórutjarnarskóla við skólaþjónustu. Kostnaður vegna skólaþjónustu við Litlu Laugaskóla var einnig mun hærri en við Stórutjarnir.


3.5. Tónlistarskóli og Mötuneyti

Hugmyndir um samnýtingu er eitthvað sem fram hefur komið í flestum viðtölum og allri umræðu innan sveitarfélagsins. Hvernig slíku sé best háttað er svo torveldari spurning að svara. Segja má að það sé mjög hátt þjónustustig í þessum skólum, þar sem rekið er mötuneyti við þá alla, auk þess sem í boði er tónlistanáms samhliða skólanámi. Ekki má þó gleyma að slíkt þjónustustig kostar fjármuni, enda hafa margir velt fyrir sér hvort ekki sé hagræðingartækifæri þar. Í þeim bókhaldsgögnum sem við höfðum aðgang að er ekki hægt að átta sig á kostnaði við rekstur tónlistarnáms við skólana, enda er sá þáttur ekki inni fyrir alla skólana þrjá á bókhaldsárinu 2008. Umræða um samrekstur mötuneytis og jafnvel samrekstur við Framhaldsskólann á Laugum væri atriði sem þyrfti meiri skoðun. Inn í þann þátt þarf einnig að meta þá auknu keyrslu sem slíkt kallaði á með matvæli á hverjum degi, enda eru mötuneyti í hverjum skóla nú þegar. Þó væri eflaust hægt að spara í launakostnaði eða stöðugildum matráða.


4. Fjárhagur Þingeyjarsveitar

Áhrif allra hugsanlegra breytinga á rekstur grunnskóla í Þingeyjarsveit á fjárhag sveitarfélagsins byggja á talsverðri óvissu. Ekki er útilokað að sameining með einhverjum hætti feli í sér sparnað, en óvíst er hve mikill hann yrði. Þær forsendur sem liggja fyrir gefa ekki möguleika á nánari greiningu sem gæti sagt til um hvort að slíkar sameiningar verði drifnar áfram af fjárhagslegum ástæðum. Sameining skóla er fyrst og fremst pólitísk og fagleg ákvörðun. Margir óvissuþættir þýða að erfitt er að leggja mat á hugsanlega fjárhagslega hagræðingu. Dæmi um óvissuþætti er að forsendur hafa breyst miðað við bókhaldsgögn fyrir árið 2008. Í því samhengi er rekstraform skólanna þriggja ekki eins og það var árið 2008 í öllum tilfellum. Erfitt er að átta sig á rekstrahlutfalli Þingeyjarsveitar í kostnaði Hafralækjarskóla á næsta skólaári, ekki síst í ljósi fréttu um að loka eigi meðferðaheimilinu á Árborg. Samningur milli Barnaverndarstofu og Hafralækjarskóla hefur veitt skólanum allt að tvö stöðugildi en ljóst er í dag að það fjármagn mun ekki halda áfram að koma inn í rekstur skólans. Leikskólinn Barnaborg er að falla undir rekstur skólans, auk þess sem tónlistaskólinn að Laugum er að falla undir rekstur Litlalaugaskóla.


Sameining tveggja skóla fæli í sér að akstur barna myndi aukast. Það myndi aftur á móti auka framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á meðan það kerfi helst í sama fari. Hingað til hefur jöfnunarsjóðurinn náð að dekkja kostnaðinn við akstur fámennra sveitarfélaga vel. Það má því leiða líkur að því að aksturinn fæli ekki í sér mikla útgjaldaaukningu. Stærsti útgjaldaliður skólanna þriggja er launakostnaður. Árið 2008 nam hann 52% af heildarútgjöldum í Hafralækjarskóla, 73% í Litlalaugarskóla og 56% í Stórutjarnarskóla (sjá myndir 4.1, 4.2 og 4.3).



Mynd 4.1. Skipting milli launa og annars kostnaðar við rekstur skóla árið 2008.



Mynd 4.2. Skipting milli launa og annars kostanaðar við rekstur skólans árið 2008.



Mynd 4.3. Skipting milli launa og annars kostnaðar við rekstur skólans árið 2008.

Fækkun stöðugilda eða yfirmanna felur því að öllum líkindum í sér eitt stærsta tækifærið til sparnaðar. Ekki er einséð hvort sameining skóla myndi fela í sér sparnað í rekstri skólanna. Ef einhver skólanna yrði lagður niður er óljóst hvað yrði um skólabygginguna. Slíkt er algjörlega óvíst þar sem nýting húsnæðis fyrir annan rekstur eða starfsemi liggur ekki fyrir. Ef sveitafélaginu myndi ekki takast að leigja bygginguna eða fá hana nýttá undir aðra starfsemi stæði einhver rekstrarkostnaður eftir af byggingunni. Það er því óljóst hvort sú rekstrarlega hagkvæmni sem fælist í sameiningu skóla, eða árganga, fæli í sér lækkun á rekstrarkostnaði skólanna þriggja í heild sinni.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir sveitarfélögum sem reka grunnskóla í óhagkvæmri stærð. Árið 2008 námu greiðslur frá Jöfnunarsjóði alls 43,7 millj. kr. til reksturs grunnskóla. Sama ár nam kostnaður við rekstur skólanna sem hér eru til umræðu 282 millj. króna.⁷ Jöfnunarsjóðurinn stóð því fyrir um um 15% af heildarkostnaði skólanna. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er því mikilvæg tekjulind fyrir sveitarfélagið. Greiðslur frá jöfnunarsjóði til reksturs sveitarfélaga breytast með fimm ára töl. Allar breytingar sem gerðar yrðu á rekstri skólanna myndu breyta greiðslum frá Jöfnunarsjóði fimm árum síðar. Reglugerð um Jöfnunarsjóð til reksturs grunnskóla tekur tillit til margra þátta. Fækkun nemenda í hverjum skóla, sem sameining skóla myndi fela í sér, fæli að öllu óbreyttu í sér lækkun á greiðslum sjóðsins. Aðrir þættir hafa þó einnig áhrif á greiðslurnar eins og reynsla kennara, staða Þingeyjarsveitar sem og annarra sveitarfélaga o.fl.. Það er því ekki hægt að leggja mat á

⁷ Árið 2008 var Hafralækjarskóli einungis að hluta til rekinn af Þingeyjarsveit. Í heildartölunni er einungis tekið mið af hlutdeild Þingeyjarsveitar og Aðaldældarhreppar af heildarkostnaði við rekstur skólans.

áhrif breytinga á skólunum þremur á greiðslur Jöfnunarsjóðs án nákvæmari forsenda en skýrsluhöfundar hafa undir höndum.

Á heildina litið er erfitt að fullyrða um fjárhagsleg áhrif við breytingu á rekstrarfyrirkomulagi grunnskólanna á útgjöld sveitarfélagsins við rekstur grunnskóla. Slíkt myndi hugsanlega fela í sér einhverja fjárhagslega hagræðingu en óvissa ríkir um stóra þætti. Staðsetning skólanna í sveitarfélaginu skiptir einnig máli, ekki í síst í ljósi þess að á teikniborði Samgönguráðuneytis eru uppi hugmyndir um lágmarksstærð sveitafélaga, en hvorki sveitarfélagið Þingeyjarsveit uppfyllir þá stærð né Mývatssveit. Ennfremur er ekki auðvelt að átta sig á því hvað gerist ef sveitarfélagið minnkar hjá sér kennslukostnað með því að fækka hjá sér stöðugildum í kennslu. Slíkt leiðir ekki til augljóss sparnaðar fyrir sveitarfélagið þar sem skólamálaframlag frá Sambandi Íslenskra Sveitafélaga lækkar auk þess sem sveitarfélagið tapar störfum úr sveitarfélaginu og verður þar af útsvarstekjum.

5. Sýn sveitarstjórnanna

Hér verða dregnar fram raddir sveitarstjórnanna til málaflokksins og hvað hægt sé að gera í stöðunni til að hagræða fyrir sveitarfélagið. Lögð verður áhersla að lýsa þeim skoðunum og tillögum sem fram komu í einstaklingsviðtölum við þennan hóp. Rætt var einslega við hvern sveitarstjórnarmann eftir fund sveitarstjórnar, þann 19. nóvember 2009. Viðtölin voru framkvæmd í húsakynnum sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar og stóðu yfir allt frá 10 til 45 mínútum, en þau voru átta talsins. Af þeim sveitarstjórnamönnum sem rætt var við var einn varamaður þar sem forföll voru.

Hugmyndir sveitarstjórnanna voru jafn margar og viðmælendur voru. Þó að í grunninn væru þau öll sammála um að ástandið kallaði á aðgerðir, var sýn þeirra á hvernig leysa ætti málin ólík. Í þeirra augum þurfti að finna lausnir á þessum málum en flest tóku þau fram að þetta væri háþólitískt mál, sem næstu sveitastjórnakosningar myndu að stóru leyti snúast um. Ljóst væri að sveitarfélagið setti um 70% af rekstrafé sínu í skólamál sem væri of hátt, en þó voru þau einnig sammála um að sveitarfélagið væri að reka gott starf í öllum þessum skólum.

Skýrt kom fram að sameining skóla sé alltaf sársaukafullt ferli, að mati viðmælenda, en slíkt væri eini kosturinn í stöðunni í dag þar sem þegar væri búið að skera niður allt í rekstri sem hægt væri, að þeirra mati. Viðmælendur ljáðu máli á að til að hagræða þurfi að samnýta húsakost skólanna og starfsfólk betur en gert hefur verið hingað til. Margir benda á að sú samnýting verði að vera austanmegin Fljótsdalsheiðar, það er tengt Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla. Einnig er bent á að til að ná einhverri hagræðingu þurfi jafnvel að loka einhverri einingu, en á móti eru rök gegn því þar sem slíkar aðgerðir kalla á fækkun starfa sem getur leitt til fækkunar í sveitarfélaginu. Einnig kom fram að þó að einingu sé lokað þá þurfi að finna nýtingu fyrir húsakost þar sem rekstur þessa húsnæðis færist ekki frá sveitarfélagi þó að skóla sé lokað. Ef lokun skóla leiðir til þess að fólk sem starfað hefur innan skólans tekur sig upp og flytur úr sveitarfélaginu þá er slíkt ekki heldur lausn fyrir sveitarfélagið. Ekki má gleyma því að þessir skólar eru mjög mikilvægir vinnustaðir fyrir dreifbýlið og hver skóli skiptir gífurlegu máli í sínu nærumhverfi.

Margar raddir komu fram sem bentu á að það að færa grunnskólann út úr þéttbýliskjarna væri ekki eðlileg þróun því að á því svæði hafi orði eina fjölgunin í sveitarfélaginu á síðustu árum. Aðrir bentu á að ekki mætti gleyma að horfa á þetta með tilliti til Framhaldsskólans á Laugum. Fram kom í samræðum við flesta sem rætt var við að

unglingar úr sveitarfélaginu væru ekki að skila sér nægjanlega vel í framhaldskólann á Laugum og að það væru helst börnin úr Litlulaugaskóla sem færu í hann.

5.1. Helstu hugmyndir sveitastjórnanna

Hér verður gerð grein fyrir helstu hugmyndum sem settar voru fram af sveitastjórnamönnum. Lagt var til að óbreytt fyrirkomulag yrði að Stórutjörnum en að á Litlulaugum verði rekinn tónlistaskóli, leikskóli og yngstu barna deild grunnskólans (frá 1. til 4. bekk). Nemendur úr 5. til 10. Bekk á Litlulaugum fari yfir í Hafralækjarskóla, þannig að nemendafjöldi í Hafralækjarskóli ykist.

Fram kom einnig sú hugmynd að hafa unglingadeild að Litlulaugum í nokkrum útfærslum:

- A) Að öll börnin í sveitarfélaginu væru þar í skóla frá 8. til 10. bekk, börn úr hinum bekkjadeildum Litlulauga færu niður á Hafralæk.
- B) Reka aðeins útvíkkaða unglingadeild frá 7. til 10. bekk með nemendum frá Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla, en Stórutjarnarskóli yrði óbreyttur.
- C) Að fá alla unglinga sveitafélagsins til að sækja Litlulaugarskóla auk þess að bjóða unglingum frá Skútustaðahreppi að koma einnig. Með þessu væri hægt að samkeyra starfsemi Litlulauga og Framhaldsskóla á Laugum, skapa unglingasamfélag og verða að ákveðnu leyti lyftistöng fyrir framhaldsskólann. Þessi útfærsla gefur möguleika á meira námsframboði í grunnskólanum og að hægt væri að nýta þá sérþekkingu sem er að finna í framhaldsskólanum, auk þess sem hægt væri að samnýta aðstöðu og starfsfólk unglingadeildar og framhaldsskóla, með mötuneyti og stofum.

Færsla nemenda frá Hafralækjarskóla ætti að vera einna vænasti kosturinn fyrir sveitarfélagið í ljósi þess að sveitarfélagið er ekki eitt ábyrgt fyrir rekstri húsnæðis skólans. Húsakostur er rekinn af rekstrafélagi sem eru í eigu Þingeyjarsveitar, Norðurþings og Tjörneshreppar.

Tónlistaskólar eru þegar í dag reknir við alla skólana og verið er að klára að stíga ákveðið hagræðingaspur með því að láta þá falla undir skólastjóra hvers skóla. Vangaveltur komu upp um hvort þar hafi verið stigið nógu stórt skref í hagræðingu og hvort ekki hefði átt að samreka alla þessa þrjá tónlistarskóla með eina sameiginlega skólastjórn. Erfitt er að leggja mat á það, þar sem launatölur liggja ekki fyrir um hvaða kostnaðaraukning felist í því að fella rekstur tónlistarskóla undir starfslýsingu hvers skólastjóra fyrir sig. Sveitastjórnarmenn benda á að leikskólaþjónustu sé ekki hægt að færa á sama hátt og grunnskólana, þar sem það er á

ábyrgð foreldra að koma börnum til leikskóla og það er greitt fyrir þá þjónustu að hluta til af foreldrum.

Önnur megin hugmynd sem kom fram í máli sveitarstjórnarmanna var að hafa tvo skóla í sveitarfélaginu, einn austanmegin (sameinaðann) og annan vestan heiðar, að Stórutjörnum. Margir sögðust hafa horft til hugmynda um einn skóla en þótti það frekar hæpið í dag. Þó ef horft er til lengri tíma þá er að mati margra ekki ólíklegt að meiri sameiningar eigi eftir að eiga sér stað sem renni aftur stoðum undir hugmynd um einn skóla sem væri miðlægur eins og á Laugum. Í dag er þó ekki litið á einn skóla sem raunhæfa lausn fyrir sveitarfélagið.

5.2. Stoðþjónustan

Sveitastjórnarmenn telja að það liggi sparnaðartækifæri í stoðþjónustu við skólana, að það fyrirkomulag sem er í dag við Stórutjarnir sé gott og hagkvæmara heldur en að sækja stoðþjónustu til Húasvíkur eins og hinir tveir skólarnir gera. Sagt er að sú þjónusta sé óásættanlega dýr og svolítið barn síns tíma. Aðrir benda á að það sé jafnvel hægt að nýta starfsfólk sem þegar er í skólunum betur í þætti þessarar þjónustu.

5.3. Félagslegur þáttur nemenda

Reynt hefur verið að koma á meiri samgangi milli eldri nemenda í sveitarfélaginu, en ekki inn á skólasviði. Kom það fram hjá viðmælendum að þeir teldu að börnin þyrftu að hittast oftari í sameiginlegu starfi. Þó að skólarnir séu dreifðir þá þurfa þessir unglingar vettvang til að hittast, en í dag er þetta svolítið klofið sveitarfélag þar sem fólk fyrir vestan Fljótshéiði sækir allt til Akureyrar þar sem vegalengdir eru styttri þangað en inn á Laugasvæði. Bent var á að með því að móta sterka unglingsdeild, væri verið að styðja við félagslegan þátt þess hóps, en einnig væri verið að gefa þessum hópi möguleika á auknu námsframboði og ýta undir fljótandi skil skólastiga frá grunnskóla til framhaldsskóla.

5.4. Akstur nemenda

Ekki er hægt að ræða um þessi mál án þess að umræða um akstur nemenda komi þar inn, þar sem þó nokkuð af börnum sveitarfélagsins þurfa að ferðast langar vegalengdir til að sækja skóla. Bent var á að það þyrfti að taka inn í allar hugmyndir um breytingar hversu mikið lagt er á þessa nemendur til að sækja slíka skólaþjónustu. Jafnframt var bent á, að með því að færa skólann úr þéttbýli væri verið að keyra fleiri börn lengri vegalengdir á meðan litlu væri bætt við þau börn sem þegar væru keyrð lengst til að sækja skólann í þéttbýlinu.

6. Sýn starfsfólks

Hér verða dregnar fram raddir starfsfólks skólanna þriggja. Lögð verður áhersla að lýsa þeim skoðunum og tillögum sem komu fram í umræðum þeirra. Haft var samband við sex einstaklinga úr hverjum skóla og þeim boðið að vera með í rýnihópi. Reynt var að velja þannig í hópnum að fólkið væru málsvarar ólíks starfsfólks, að kennarar kæmu úr mismunandi bekkjardeildum og að í hópnum væru auk þess einstaklingar sem starfa í leikskólum og tónlistaskólum. Sumir þessara starfsmanna áttu einnig börn í viðkomandi skóla eða öðrum skólum á svæðinu. Rýnihópaviðtölin voru öll framkvæmd þann 4. janúar 2010, hver hópur í sínum skóla og tóku þeir um klukkustund hver.

Ákveðin samhljómur var á meðal þátttakenda um meginatriði. Í eftirfarandi texta eru helstu þemu viðtalanna dregin fram.

6.1 Sameining


Rætt var við hópnum almennt um þá hugmynd að þörf væri á að sameina skólana. Spurningin var sett fram í þeim tilgangi að fá fram viðbrögð hópsins. Viðbrögðin stóðu ekki á sér og voru flestir sammála um að það væri þörf á að sameina eða hagræða í skólamálum þó að ekki væri samhljómur um hvernig sú sameining eða hagræðing væri framkvæmd. Ekki voru allir sammála því að lausnirnar lægju í því að fækka skólunum heldur gætu einnig verið lausnir í því að hagræða milli bekkjardeilda. Þó voru margir á því að það þyrfti að sameina skólana í sveitarfélaginu, það er að fækka þeim um einn.

Viðmælendur í Stórutjarnarskóla voru á því að halda sínum skóla óbreyttum og lausnin lægi í því að sameina hina tvo sem væru handan heiðar. Rök fyrir slíku voru sem dæmi „*afburðargott húsnaði fyrir skólalald [við Stórutjarnaskóla] sem væri ... það besta í sveitarfélaginu og þó víðar væri leitað, [á meðan] hinir skólarnir sérstaklega annar þeirra væri ekki í góðu skólahúsnæði*“. Aðrir bentu á að staðsetning skólans í sveitarfélaginu væri þáttur sem ekki væri hægt að líta fram hjá. „*Það hlýtur að vega þungt... staðsetning [skólans] vegna þess að sveitarfélagið er þannig í laginu að það hlýtur að þurfa að taka mið af því hvar börnin búa*“. Í því sambandi var bent á að staðsetning Stórutjarnarskóla væri góð fyrir nemendur úr Fnjóskadal og að of langt væri að aka þeim börnum austur í Aðaldal.

Þegar rætt var við kennara við Litlu Laugaskóla voru sterkar raddir fyrir því að ekki yrði tekin út kennsla úr þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Auk þess voru allir viðmælendur þess skóla sammála um að ekki mætti rjúfa tengsl við framhalskólann. „*Ef [þú] ferð með unglingadeildirnar eitthvað annað þá er mjög líklegt að [nemendur] fari eitthvað annað eða*

komi ekki hingað til baka“. Lögð var áhersla á að það væri þörf á því að styðja og styrkja tengslin milli unglिंगadeildar og framhaldskólans í sveitarfélaginu. Mörg sveitarfélög gætu hugsað sér að fá framhaldsskóla í sitt sveitarfélag og bent var á að „við höfum það og þurfum kannski svolítið með kjafti og klóm“ að passa upp á að missa það ekki. Auk þess var bent á að hæstu útsvarsgreiðendur sveitafélagsins væru starfsmenn framhaldsskólans og það að minnka þjónustu við það umhverfi eða aftengja hvatningu eða stuðning við framhaldsskólann væri ekki gott fyrir sveitarfélagið í heild sinni.

Bent var á að kannski væri hægt að flytja yngri deildir annað en halda eftir unglिंगastigi við Litlulaugasskóla á meðan aðrir sögðu að það væri eflaust erfitt að keyra alla unglिंगa í sveitarfélaginu í einn skóla. Leikskólinn yrði að vera rekinn í þéttbýliskjarnanum og jafnvel fyrstu þrjár til fjórar bekkjadeildirnar þannig að tenging fengist á milli skólastiga. Þá er verið að ræða um að flytja í burt fjórða til áttunda bekk, sem eru eingöngu þrjár bekkjadeildir eða jafnvel halda bara eftir unglिंगastigi.



Mynd 6.1. Áætlaður fjöldi nemenda í unglिंगadeildum í skólunum þremur skólaárið 2010 til 2011.

Ef ákveðið yrði að sameina unglिंगadeildir skólanna þriggja og kenna þeim öllum saman væri áætlaður fjöldi nemenda í þeim skóla í kringum 53 nemendur. Aðrir viðmælendur fjölluðu um mikilvægi þess að halda inni samfellu í skólamálu, það að ekki væri gott að kippa út einhverjum hluta skólastarfsins og færa það annað. Einnig komu upp í umræðuna tillögur sem menntamálaráðuneytið hefur sett fram um að auka þurfi flæði milli skólastiga og í því samhengi skiptir samfellan enn meira máli. Einn viðmælandi benti á að í dag „vantar okkur í rauninni ekkert nema háskólastigið“ en erum í raun orðin vel tegnd við það inn á Akureyri.

Bent var á að í tengslum við framhaldsskólann væru börnin úr hinum tveimur grunnskólum sveitarfélagsins ekki að skila sér í hann. Ein af ástæðum þess væri hversu fáar brautir væru kenndar í framhaldsskólanum og að eflaust þyrfti að auka fjölbreytni, þannig að „*kannski þurfum við líka öflugri framhaldsskóla með meira námsframboði til að krakkarnir komi*“.

Skoðanir starfsfólks Hafralækjarskóla voru ekki ósvipaðar. Þar var rætt um að fækkun nemenda kallaði á fjárhagslega hagræðingu innan sveitafélagsins. Að mati viðmælenda er grundvallar spurningin hvort ræður för: „*faglegt starf innan skólanna eða fjárhagsleg hagræðing. Hvort á að veða þyngra?*“ Skólinn gekk í gegnum miklar breytingar á síðasta hausti þegar bæði tónlistarskólinn og leikskólinn urðu deildir innan vébanda hans. En þrátt fyrir slíkar breytingar var leikskólinn ekki færður inn í skólann, enda er hann í sérgerðu húsnæði ótengdu skólanum. Viðmælendur sjá fyrir sér ákveðna uppbyggingu sem þeim finnst ekki óeðlilegt að eigi sér stað á Laugum, en þó ekki í nánustu framtíð vegna efnahagslegs ástands samfélagsins og þjóðarinnar. Viðmælendur bentu á að húsnæði í dag við Litlu Laugaskóla sé óhentugt og bjóði ekki upp á sameiningu. „*Það verður að vera einhverskonar sameining og húsnæðið er hérna*“... „*það á að sameina Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla í einn skóla og hér, út af húsnæðinu*“. Aðrir viðmælendur bentu hins vegar á að það væri dýrt að fara í þær framkvæmdir sem þyrfti við Hafralækjarskóla, ef farið yrði í slíkar tilfærslur.

Lagt var fyrir kennara Stórutjarnarskóla sú spurning hvort unnt væri að fjölga nemendum án þess að fjölga starfsfólki ef hagræðing fæli í sér að deildir yrðu fluttar til þeirra. Voru þau öll sammála að slíkt væri vel gerandi, að nú væru þau mest að kenna kannski fjórtán börnum þannig að það væri vel hægt að bæta við.

6.2 Sameining leikskóla og tónlistarskóla í sveitarfélaginu

Af röddum viðmælenda að dæma, er ekki grundvöllur fyrir því að sameina leikskóla í sveitarfélaginu, enda er önnur stoðþjónusta í boði fyrir þá einingu en grunnskólann, sem sinnir lögbundinni skólaskyldu sem felst í akstri í og úr skóla. Leikskólabörnin komast ekki í skólann nema vera keyrð af foreldrum og ef vegalengdir verða of miklar er hætta á að foreldrar sæki ekki þá þjónustu fyrir börn sín. Þannig, að þó að grunnskólastarf væri stokkað upp, er ekki hægt að færa leikskólastarf út úr þeim einingum sem það er staðsett í núna, að mati viðmælenda.

Þegar rætt var um tónlistarskólann voru skoðanir ekki eins afdráttarlausar. Sem dæmi má nefna að upp komu í umræðu raddir um að hægt væri að hagræða með því að sameina tónlistarskóla undir einn hatt. Á sama tíma bentu aðrir á að ef slíkt væri gert tapaðist hin

sterka tenging sem er í dag milli tónlistariðkunar nemenda og skólstarfs. Fyrirkomulagið í dag býður upp á að nemendur stundi tónlistarnám sitt samhliða eða inn í tíma skólstarfsins og foreldrar þurfa þess vegna ekki að keyra börn sín í slíkt nám. Með því verður þátttaka í náminu mun meira en ella sem sést greinilega í fjölda þeirra barna sem stunda tónlistarnám hlutfallslega miðað við nemenda fjölda hvers skóla.

Bent var á „*að í farvatninu væru breytingar á mannahaldi í tónlisarskónum... ekki bara hér við þennan skóla heldur annarsstaðar í sveitarfélaginu líka... fannst mér það vera borðliggjandi að stofna tónlistarskóla sveitarfélagsins með einni öflugri yfirstjórn*“. Kennarar við Stórutjarnarskóla voru hins vegar ekki vissir um að eins margir myndu halda áfram að stunda tónlistarnám ef tónlistarskólarnir yrðu sameinaðir á einum stað. Í dag fá nemendur alla þjónustu tengda tónlistarnámi sínu á skólatíma, sem er mikill kostur. Eins og einn sagði: „*Ef við eigum að fara að keyra börnin líka í tónlistarnám myndu margir hætta, því þau eru líka í íþróttastarfi sem þarf að koma þeim í.*“

6.3 Félagslegur þáttur barna

Ef horft er til sameiningar út frá sjónarhóli þeirra sem þar stunda nám, þá eru forsendur þess að slá saman skólunum orðnar aðrar. Þegar hóparnir eru orðnir svona fámennir, þá eiga börnin ekki lengur val um hverjir verða vinir þeirra. Ef til vill skýrir þetta að einhverju leyti hvers vegna börnin velja framhaldsskóla sem hefur meira val fram að bjóða, ekki bara efnislega heldur líka í fjölda einstaklinga sem sækja skólana. Þessi börn og unglingar ná oft ekki „*að blómstra fyrr en síðar, félagslega*“, sem styður þá þætti sem ræddir voru hér að framan, um sameningu skólanna. Við Hafralækjarskóla voru þær raddir uppi að fólk væri hlynnt sameiningu í skólamálum, „*hvort sem þær væru hugsaðar út frá fjárhagnum eða börnum í heild sinni... þá styrkir það okkur sem samfélag að það er framhaldskóli hér í sveitarfélaginu sem ekki veitir af að styðja við bakið á*“. Það þarf að hlúa að þessu skólasamfélagi að mati manna, kannski með því að hafa þetta allt svolítið nær hvort öðru og undir sama hatti. Þá með uppbyggingu á Laugum. Eins og fram kom hjá viðmælendum við fleiri skóla en einn, er uppbygging í þéttbýliskjarnanum ekki óeðlileg og tengingin við framhaldsskólann eðlileg þróun. Auk þess er þar að finna góða íþróttaaðstöðu hvort sem bæði úti og inni. Við uppbygginguna þyrfti að líta á allt skólstarfsem samhangandi heild, enda vantar einnig húsnaði við framhaldsskólann og jafnvel mætti samnýta mötuneyti og annað.

Viðmælendur við Litlulaugaskóla bentu á að með því að hafa þrjá skóla í sveitarfélaginu stæði það í vegi fyrir sameiningu sveitarfélagsins. Eins og skólamálum væri háttað í dag hefði það áhrif á samkennd innan þess að „*það [sveitarfélagið] sameinast aldrei*

nema að það verði einn skóli sameiginlegur, við sameinumst aldrei svona“. Kennarar við Stjórutjarnaskóla sáu einnig að félaglegir þættir skiptu miklu máli og þá sérstaklega í tengslum við eldri börnin: *„Ef við erum með fámennan árgang þá getur þetta verið erfiðara félagslega fyrir nemendur“.*

6.4 Vegalengdir

Vegalengdir í og úr skóla komu upp í umræðum við alla hópa. Sameining í einn skóla getur líka orðið vandamál. *„Það eru gríðarlegar vegalengdir og það er ekki það sem maður óskar eftir fyrir lítið barn að sitja í klukkutíma hvor leið“.* Fólk ræddi um að það væri lengst úr Svartárkoti í skólann og það skipti ekki máli hvort farið er í Stórutjarnarskóla (55 km) eða Litlu Laugaskóla (sem eru 58 km), en það er lengra í Hafralækjarskóla. Einnig var bent á að það væru ekki bara vegalengdir sem myndu ríða baggamuninn í þessu samhengi, heldur þyrfti einnig að horfa á fleiri þætti eins og hinn félagslega þátt. Þá var rætt um það að vegna vegalengdar væri Stórutjarnarskóli alltaf svolítið *„stikk frí í þessari umræðu“* og nánast óhreyfanlegur miðað við hina tvo þar sem oft væri rætt um að hægt væri að breyta skólastarfinu í hinum tveimur skólunum með einhverjum hætti en meðan einn væri óhreyfanlegur.

Kennarar í Stórutjarnarskóla benda á að fórnakostnaður við að færa þeirra börn í annan skóla geti orðið of mikill vegna tíma sem færi í skólaakstur. Sem dæmi má nefna að enginn fjárhagslegur ávinningur er af því að keyra börnin úr Fnjóskadal yfir í Laugahverfi eða Hafralækjaskóla *„því skólaakstur er dýrasti kostnaðurinn við skólann“* að mati eins viðmælenda. Þau telja að vegalengdir séu of langar til að sameina alla þessa skóla á einum stað. Þó að þau sem í dag keyri hlutfallslega ekki lengra ef skólar yrðu sameinaðir, eru *„aftur á móti önnur börn sem fengju lengri keyrslu“.*

6.5 Samstarf milli skólanna

Svo virðist sem samstarf milli skóla, bæði milli kennara og nemenda, sé ekki alltaf eins virkt og mætti vera. Sem dæmi er ákveðið samstarf milli Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla, en samstarf er takmarkað milli þeirra og Stórutjarnaskóla. Þar spilar inn í að Stórutjarnaskóli er með virkt samstarf við skóla í Eyjafjarðarsveit, sem þeir hafa ekki viljað gefa eftir til að virkja samstarf við hina tvo skólana í sveitarfélaginu.

6.6 Hagræðingar

Innan skólanna er þegar búið að gera þær hagræðingar vegna kennslu sem hægt er að gera með því að kenna stigskipt. Í Hafralækjaskóla er t.d. kennt í þremur bekkjadeildum vegna fæðar nemenda. Eins og einn kennari sagði „vegna sparnaðar er búið að hagræða og skella öllum saman sem hægt er“. Svipað fyrirkomulag er að finna í hinum tveimur skólunum en þar er kennt í fjórum bekkjardeildum.

Fólk var sammála að óbreytt ástand væri ekki í boði, að það þyrfti að finna leiðir til að gera eitthvað. „Það er náttúrulega alveg ljóst að það verða sársaukafullar aðgerðir alveg sama hvað er gert vegna þess að það munu ekki allir geta haldið störfum og það á ekki bara við um kennara heldur allt starfsfólk“. Hvort sem það er að vinna í eldhúsi, akstri eða á göngum. Raddir voru háværar um að ef fara ætti út í aðgerðir yrði að horfa á skólamálin sem heilsteiptan pakka, ekki að gera miklar breytingar á tveimur stöðum og skilja einn eftir óbreyttan. Þannig að almennt er fólk sammála að það þyrfti að segja öllum upp sem koma að skólamálum í sveitarfélaginu og ráða svo aftur inn í þær stöður sem væru lausar eftir að búið væri að fara í gegnum nauðsynlegar breytingar. Það er ekki hjá því komist að mati viðmælenda að „þetta verður sársaukafullt“.

7. RADDIR FORELDRA

Í þessum hluta verða raddir foreldra barna í skólunum þremur dregnar fram. Áhersla er lögð á að lýsa þeim skoðunum og tillögum sem komu fram í þremur rýnihópum foreldra. Mikill samhljómur var á meðal þátttakenda um meginatriði. Í eftirfarandi texta eru helstu þemu viðtalanna dregin fram.

7.1 Staða skólanna

Það var samdóma álit fólks að skólarnir væru lykilstofnanir í samfélaginu. Þeim var lýst sem félagslegu akkeri og „álversvinnustöðum“. Þar með eru breytingar á tilhöggun skólastarfs eldfimt pólitískt viðfangsefni.

Almennt ríkti ánægja með skólastarfið í þeirri mynd sem það fer fram í dag. Fámenni var talið bæði til kosta og galla. Helstu kostirnir voru nefndir að fámennið skapar samkennd í skólanum. Börnin kynnast ólíkum aldurshópum og samkennsla er talin styrkja félagslega færni þeirra. Þau læra að meta að það eru ekki allir eins og það hafa ekki allir sömu getu. Einnig kom fram að fámennið gerði það að verkum að kennarar geta haldið mjög vel utan um börn og gripið snemma inní ef grunur leikur á að barn eigi við einhverskonar erfiðleika að etja. Ókostirnir voru hins vegar þeir helstir að það eru takmörk fyrir því hversu langt aldursbil er hægt að brúa í samkennslu, t.d. í íþróttum og fámennið getur takmarkað félagsleg samskipti við jafnaldra og vinatengsl. Jafnframt kom það fram að það getur reynst erfitt að taka á vandamálum innan vinnustaðarins og í þeim tilvikum þegar foreldrar og kennarar eru ekki sammála um þörf á aðstoð eða möguleg úrræði fyrir börn.

Útlit er fyrir áframhaldandi fækkun barna í skólum sveitarfélagsins. Viðmælendur úr hópi foreldra barna í Litlulaugaskóla töldu að hann væri nú þegar á mörkum þess að vera starfrækjanlegur vegna fámennis eins og einn þáttakandi lýsti því: „*Ef við horfum bara á hvað er að bætast í skólann á næstu árum að hann er sko, enn að minnka og ég held að hann sé að verða það lítill að það fari að verða meira af ókostum*“.

7.2 Skólar og sveitarfélag

Það var áberandi í öllum hópunum að fólk hafði litla þekkingu á öðrum skólum sveitarfélagsins en þeim sem börn þeirra stunduðu nám við. Foreldri barns í Stórutjarnaskóla orðaði það þannig að skólarnir væru eins og „stakar eyjur“. Foreldrum fannst skortur á samskiptum vera bagalegur og lýstu undantekningarlaust yfir áhuga á að styrkja tengsl milli skólanna. Tilraunaverkefni um starfrækslu félagsmiðstöðvar var nefnt sem jákvætt skref í þá

átt að láta fólk kynnast en það kom fram að foreldrar þyrftu líka að hittast á svipuðum vettvangi.

Það er ljóst að Stórutjarnaskóli er nokkuð sér á báti þar sem hann á langa sögu samstarfs við skóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Misjafnt var hvort foreldrar töldu að það ætti að hindra frekara samstarf með skólunum austan Fljótsheiðar. Í orðum sumra viðmælenda kom það þó skýrt fram að þeir samsömuðu sig jafnvel frekar með Eyjafjarðarsvæðinu og gátu allt eins hugsað sér að senda börn sín í skóla þar með tilkomu Vaðlaheiðargangna. Samstarf á milli Haftralækjarskóla og Litlulaugaskóla hefur þó til skamms tíma einnig verið af skornum skammti.

Aðspurt um ástæður fyrir lítilli hefð fyrir samskiptum þessara skóla nefndi fólk sérstaklega landfræðilegar aðstæður, vilja skólastjórnenda og hrepparíg sem enn er til staðar eftir síðustu sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Margir viðmælendur töldu að fólk hugsaði enn eftir gömlum sveitarfélagsmörkum í stað þess að líta á Þingeyjarsveit sem eitt heildstætt sveitarfélag. Orð sumra viðmælenda voru lýsandi fyrir slíka sýn. Til að mynda töluðu sumir um samkeppnishæfni sveitarfélagsins útfrá forsendum sem eru ekki lengur til staðar, þ.e. í formi gamalla sveitarfélagsmarka.

Þeir foreldrar sem rætt var við voru yfirhöfuð sammála um að breyta þyrfti viðhorfi íbúa svæðisins þannig að þeir myndu upplifa það sem eina heild. Besta leiðin til þess væri að auka samstarf á milli skóla og jafnvel sameina þá að einhverju eða öllu leyti. Foreldrar frá Litlulaugm sögðu m.a.:

Mér finnst það bara vera númer eitt það þarf að byrja á því að fá skólana til að vinna meira saman til að börnin kynnist og þannig að bara samfélagið fari að upplifa sig sem heild en ekki þessi þrjú horn.

En þess vegna eru kannski skólarnir „akkúrat“ stofnanirnar til að sameina fólkið. Ég meina þannig kynnist maður helst fólkinu. Þú átt börn í skóla þú kynnist út frá því.

Af framansögðu má sjá að sveitarfélagið Þingeyjarsveit á við nokkurn tilvistarvanda að etja í hugum fólks sem að mati viðmælenda endurspeglast að einhverju leyti í tilvist skólanna þriggja.

7.3. Viðhorf til breytinga

Samkvæmt þeim foreldrum sem rætt var við er öllum ljóst að breytingar þurfa að eiga sér stað á skólahaldi í sveitarfélaginu. Það er talið óásættanlegt að sveitarfélagið sé háflamað vegna reksturs skóla. Það er hins vegar ljóst að allar ákvarðanir verða erfðar og það munu líklega

margir verða ósáttir við niðurstöðu endurskipulagningar. Eitt meginvandamálið sem við er að etja, samkvæmt foreldrahópunum, er að lítil umræða um mögulega hagræðingarkosti hefur farið fram og saknaði fólk tækifæris til samræðna um þetta málefni. Að sumu leyti var það vegna þess að fólk einfaldlega vildi ekki ræða mögulegar breytingar eða eins og einn viðmælandi komst að orði: „Ef þú talar ekki um það þá gerist það ekki“. Sumir nefndu líka skort á frumkvæði sveitarstjórnarmanna sem var lýst sem „ákvörðunarfaelnum“.

Kallað var eftir að sveitarstjórn markaði sér stefnu í málaflokknum með endanlega lausn í huga þó að ef til vill þyrfti að stíga einhver smærri skref á leiðinni. Best væri þó að komast niður á eins endanlega lausn og hægt væri og „byrja með hreint borð“. Jafnframt komu fram sterkar óskir eftir upplýstri og jákvæðri umræðu því „...[M]aður er alltaf fordómafullur gagnvart einhverju sem maður veit ekki alveg um hvað snýst“. Staðan í dag er sú að fólk hefur tilhneigingu til að þjappa sér saman um sinn gamla skóla því „þú veist hvað þú hefur, ekki hvað þú færð“. Nokkrar leiðir til að skapa umræðugrundvöll voru nefndar, til að mynda opinberir borgarafundir og blandaðir umræðuhópar foreldra barna úr öllum skólunum.

Það var samdóma álit fólks að hver sem niðurstaðan yrði ætti að hafa hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Jafnframt að nauðsynlegt væri að stokka upp þannig að allir sætu við sama borð í breytingarferlinu. Einn viðmælandi orðaði þetta á þá leið að: „...það á að segja upp öllu batteríinu. Hverjum einasta starfsmanni í öllum skólunum [...] svo á bara að ráða upp á nýtt í þessar stöður.“

7.4. Leiðir til framtíðar

Í viðtölum við hópa foreldra komu fram ýmsar tillögur að hagræðingu sem má sjá í töflu 7.1. Tillögurnar eru ekki settar fram í mikilvægisröð og ólíkar forsendur lágu þeim að baki. Hugmyndir um óbreytt ástand voru til dæmis sagðar ákjósanlegastar fræðilega séð en ekki raunhæfar vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar barna á skólaaldri. Tillögur um að sameina alla skólana undir einn hatt annaðhvort á Stóru Tjörnum eða Hafralæk voru taldar gerlegar þó að það væri tæpt vegna langra skólaakstursleiða. Þær þóttu einnig líklegar til að skapa mikla kergju meðal íbúa og vera þannig félagslega erfiðar.

Stórutjarnarskóli	Litlulaugaskóli	Hafralækjarskóli
Að sameina Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla. Stóru-tjarnaskóli óbreyttur	Sameining skólastiga á milli Hafralækjar og Litlulaugaskóla	Sameina litlu Laugaskóla og Hafralækjarskóla á Hafralæk
Einn grunnskóli að Laugum	Einn grunnskóli að Laugum	Sameina skólastig Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla
Að sameina skólastig og/eða auka samvinnu og samkenslu	Sameining unglíngastigs allra skólanna og yngra stigið á þremur stöðum	Einn grunnskóli að Laugum
Einn grunnskóli að Stóru Tjörnum	Samnýta kennara	Einn grunnskóli á Hafralæk eða að Stóru Tjörnum
Óbreytt ástand	Óbreytt ástand	

Tafla 7.1. Tillögur frá rýnihópum foreldra barna í grunnskólum Þingeyjarsveitar

Sú hugmynd sem kom hvað oftast upp og fékk umtalsvert fylgi var að byggja upp nýjan grunnskóla á Laugum. Kostirnir við það voru helst taldir landfræðileg lega Lauga. Skólinn yrði miðsvæðis í sveitarfélaginu og gæti einnig þjónað Mývetningum ef þeir myndu sameinast Þingeyjarsveit á næstu árum eins og margir telja líklegt. Nábylið við Framhaldsskólann á Laugum var einnig ítrekað dregið fram sem stór kostur. Nemendur frá Stóru Tjörnum og Hafralæk skila sér síður í framhaldsskólann en börn úr Litlu Laugaskóla. Með því að byggja upp grunnskóla sveitarfélagsins á Laugum er líklegt að samband framhaldsskólans við svæðið myndi styrkjast. Einnig tiltóku margir að skólastarfssemin á Laugum væri mjög mikilvægur þáttur fyrir viðhald og eflingu þéttbýlisins á staðnum sem væri lykilþáttur í samkeppni um nýja íbúa. Það að færa skólahald frá þorpinu myndi ekki aðeins veikja búsetugrundvöll þar heldur í öllu sveitarfélaginu. Síðast en ekki síst þótti bygging nýs skóla líkleg til að skila mestri fjárhagslegri hagræðingu til lengri tíma litið auk þess að hún hefði þann kost að þá væri ekki um innlimun einstakra skóla að ræða; það væri byrjað með hreint borð.

Vankantar á þessari hugmynd þóttu helstir að hún væri dýr í framkvæmd og óljóst hvort að nýbygging skólahúsnæðis væri raunhæfur kostur eins og ástand efnahagsmála væri í dag. Jafnframt var bent á að eftir stæðu fasteignir sem þyrfti að finna nýtt hlutverk eða selja frá sveitarfélaginu.

Hugmyndir um sameiningu skólastiga og/eða samnýtingu kennara á milli skóla komu einnig ítrekað fram. Þá var oftast rætt um einhverskonar sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla enda stutt á milli þeirra. Fljótsheiði var nefnd sem samgönguleg hindrun í þessu sambandi þó að það væru mjög skiptar skoðanir um hvort að svo væri í raunveruleikanum. Ýmsar útfærslur komu fram. Til að mynda að sameina unglíngastig Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla á Hafralæk en halda yngri deildinni á Laugum eða öfugt. Kosturinn við að hafa unglíngastigið á Laugum var talinn nálægð við góð íþróttamannvirki og

framhaldsskólann. Í foreldrahópnum á Stóru Tjörnum kom fram að hugsanlegt væri að sameina unglíngastig á Laugum en viðmælendum þar leist síður á þá hugmynd að keyra yngri börnin yfir Fljótshéiði. Þá komu fram hugmyndir um að það mætti samkenna árgöngum í tilteknum greinum eins og íþróttum eða senda fagkennara á milli skólana. Ókosturinn við slíkt var þó ávallt talinn vera kostnaður vegna skólaaksturs.

7.5. Samantekt

Mikill samhljómur var í skoðunum foreldra sem rætt var við. Það var áberandi að fólk þekkti lítið til annarra skóla en þeirra sem börn þeirra gengu í og kvörtuðu margir undan litlu samstarfi á milli skóla sveitarfélagsins. Skólarnir eru „*hjarta*“ samfélagsins og besta leiðin til að breyta viðhorfum fólks og fá það til að upplifa svæðið sem eina heild var talin vera að auka samgang barna og foreldra. Óneitanlega var það þó þannig að helst vildu foreldrar sem minnstar breytingar á sínum högum en allir gerðu sér glögglega grein fyrir því að breytingar væru óumflýjanlegar.

Sú tillaga sem hlaut mestan hljómgrunn á meðal foreldra var að byggja nýjan skóla fyrir allt sveitarfélagið. Vegna landfræðilegra aðstæðna var talið að heppilegasta staðsetning hans væri á Laugum. Til langs tíma lítið þótti þetta besta lausnin ekki síst með tilliti til uppbyggingar innviða sveitarfélagsins til framtíðar. Hinsvegar voru ekki allir sammála um hvort að þetta væri raunhæf hugmynd að teknu tilliti til þeirra fasteigna sem fyrir væru og mikils kostnaðar við nýbyggingu. Þó að sterkar raddir væru uppi um að best fyrir samfélagið væri að komast að framtíðarlausn sem fyrst töldu flestir að raunhæfara væri að breyta fyrirkomulagi skólamála í smærri skrefum, t.a.m. með sameiningu skólastiga og sameiningu skóla að hluta þó að það þýddi minni fjárhagslegri hagræðingu en ella. Þar kom aðallega til vantrú á að nýbygging skóla væri fjárhagslega raunhæfur kostur eins og staða efnahagsmála í landinu væri nú.

Óskir viðmælenda um þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku komu skýrt fram. Það þótti skorta umræðu um ólíka möguleika og sveitarstjórnarmenn voru sagðir ákvörðunarféltnir. Mikil áhersla var lögð á að ef breytingar yrðu gerðar mætti ekki taka einn skóla fyrir utan sviga og að allt breytingarferlið þyrfti að vera gagnsætt og óvilhált gagnvart starfsmönnum skólanna. Ef þyrfti að fækka starfsfólki ætti að segja öllum upp og ráða svo hæfasta fólkið inn í endurskipulagt skólaumhverfi Þingeyjarsveitar.

8. LOKAORÐ

Í þessari skýrslu hefur verið leitað svara við fimm spurningum sem sveitarfélagið Þingeyjarsveit óskaði svara við. Þar sem fjárhagslegar forsendur eru óvissar var sú leið farin að leggja megin áherslu á að kanna faglegar og félagslegar forsendur til breytinga á skólahaldi og áhrif þeirra. Hér að neðan er hver og ein spurning sett upp og samandregin svör sett fram sem byggja á undangenginni umfjöllun.

Hvað er hagkvæmt að reka marga grunnskóla í sveitarfélaginu út frá fjárhagslegum, faglegum og samfélagslegum sjónarmiðum? Taka verður mið af fjarlægðum.

Eins og áður segir eru ýmsar fjárhagslegar forsendur óvissar. Það gegnir bæði um rekstrargrundvöll skólana en einnig það umhverfi sem þeim er búið, t.a.m. í formi framlags Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga. Þrátt fyrir það má telja ljóst að það er fjárhagslega hagkvæmast til langs tíma litið að byggja upp einn grunnskóla í sveitarfélaginu. Sameinaður skóli ætti að vera hagkvæmari rekstrareining en þeir þrír skólar sem nú eru í rekstri. Það hefur einnig ýmsa félagslega kosti í för með sér. Þar má nefna stærri bekkjardeildir sem skapa grundvöll fyrir sterkara faglegu starfi, minni hættu á félagslegri einangrun vegna fámennis og uppbyggingu samkenndar og sjálfsmyndar sveitarfélagsins. Rökréttasta staðsetning slíks skóla væri að Laugum og myndi hann styrkja framhaldsskólann þar og skjóta sterkari stöðum undir þéttbýliskjarna sveitarfélagsins sem gegnir mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir íbúa þess. Ennfremur má ætla að slíkur skóli gæti tekið við börnum frá Mývatnssveit ef þessi sveitarfélög sameinast í náninni framtíð eins og líklegt verður að teljast.

Í ljósi efnahagsaðstæðna er þetta tæplega raunhæfur möguleiki. Eins og sakir standa verður að telja það hagfellt fyrir sveitarfélagið að sameina Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla vegna faglegra og félagslegra forsendna en halda skólahaldi á Stóru Tjörnum í svipaðri mynd. Þó mætti hugsa sér að sameina alla skólana í einn undir einni yfirstjórn þó þeir yrðu reknir á tveimur stöðum fyrst um sinn. Mikilvægt er að sveitarfélagið setji sér langtíma stefnumörkun í skólamálum og að þær breytingar sem ráðist verður í snúi að öllum skólunum þannig að ljóst sé að sveitarfélagið taki á málunum á heildstæðann hátt.

Hver er hagkvæmni þess að reka saman grunnskóla, leikskóla og hugsanlega tónlistarskóla undir einum hatti? Eins að reka einn tónlistarskóla sem nái til allra skólasvæða?

Til að ná fram fjárhagslegri hagræðingu er ljóst að best væri að fækka skólum sem myndi einnig þýða fækkun stöðugilda. Það er skýr krafa allra hópa sem rætt var við að breytingar

snerti allar skólastofnanirnar á þann hátt að unnið verði að því að móta nýjan skóla á heildrænan hátt. Til lengri tíma er eðlilegt að stefna að uppbyggingu eins sameinaðs skóla. Í ljósi aðstæðna er þörf á að taka smærri skref að því marki. Hægt væri að byrja á að sameina skóla sveitarfélagsins í eina skólastofnun sem hefði leik- og tónlistarskóla einnig innan sinna vébanda. Skólahald þyrfti ekki að leggjast af strax á neinum stað en með þessari formgerðarbreytingu væri hægt að vinna markvissar að samþættingu skólanna sem myndi enda með fullnaðarsameiningu í einn skóla á Laugum. Þetta er einnig rökrétt framhald á þeim breytingum sem unnið hefur verið að á undanförunum árum og Stórutjarnarskóli hefur verið í forystu fyrir. Ljóst er að leikskólar verði ekki færðir út af þeim svæðum sem þeir eru staðsettir á í dag, þar sem slíkt er þáttur í grunnþjónustu sveitarfélagsins til íbúa. Rekstur tónlistarskóla við hvern skóla er einnig hluti af háu þjónustustigi sveitarfélagsins til íbúa þess. Hvernig þeirri þjónustu er fyrirkomid er pólitísk spurning sem sveitarstjórn þarf að svara.

Hverjir eru kostir og gallar þess að skipta grunnskólanum upp, þ.e. reka yngstu bekki grunnskóla með leikskóla og jafnvel samkeyra unglíngadeildir í einum eða tveimur skólum?

Út frá félagslegum og faglegum forsendum er skynsamlegt að samkeyra unglíngadeildir. Æskilegast væri að það væri hægt að taka á móti þeim í Litlulaugaskóla vegna tengingar við framhaldsskólann og góðrar íþróttaaðstöðu. Þá væri einnig æskilegast að kenna öllum unglíngum sveitarfélagsins þar. Jafnframt væri rétt að kanna möguleika á fjarnámi og hvernig það getur tvinnast betur inni skólastarfið.

Reynslan frá Stórutjarnarskóla sýnir að samkeyrsla leik- og fyrsta stígs grunnskóla gefur góða raun fyrir börnin. Ef unglíngadeild (8. til 10. bekkur) væri sameinuð á Laugum væri hægt að halda skólastarfi fyrir mið- og yngstastig ásamt leikskóla óbreyttu á Stórutjörnum. Leikskóli á Laugum myndi væntanlega vera að mestu aðskilinn grunnskólanum að því gefnu að yngsta- og miðstígs Litlulaugaskóla yrði flutt að Hafralæk sem er væntanlega nauðsynlegt vegna húsakosts á Laugum. Ekki er þó útilokað að keyra leikskólabörn að Hafralæk ef vilji er til að samþætta starfið, en um slíka tilfærslu þarf að ríkja mikið samstarf við íbúarkjarna sveitafélagsins. Skorður fyrir samþættingu leik- og grunnskóla eru þær helstar að foreldrar vilja hafa leikskóla sem næst heimili sínu.

Er þörf á að endurskoða fyrirkomulag skólaþjónustu? Annars vegar heyrir slíkt fyrirkomulag undir skólaþjónustu Norðurljósa og og hins vegar er Stórutjarnarskóli með sérsaming við Háskólann á Akureyri og aðra fagaðila.

Augljósasta tækifæri til sparnaðar innan sveitarfélagsins er í þeim lið sem fellur undir skólaþjónustu. Samningar við einstaka fagaðila hafa skilað betri samningum og herra þjónustustigi til Stórutjarnarskóla en það sem þekkist í hinum skólunum. Sveitarstjórn getur endurskoðað samninga, sem eru að renna út við skólaþjónustu Norðurljósa og er mælt með því þar sem hún stendur ekki undir væntingum þeirra sem leitað var álit hjá.

Hvaða áhrif hefur hugsanleg staðsetning grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla á Framhaldsskólann á Laugum?

Framhaldsskólinn á Laugum er „álversvinnustaður“ sveitarfélagsins. Það ætti að vera forgangsmál hjá sveitarfélaginu að styrkja hann og nota starfssemi hans sem grunn til að byggja upp og efla samfélagið. Reynslan sýnir að börn úr Hafralækjarskóla og Stórutjarnarskóla sækja frekar í aðra framhaldsskóla en börn úr Litlulaugaskóla hafa sterkari tengsl við sinn „heimaskóla“. Uppbygging grunnskóla á Laugum sem gæti starfað í nánnum tengslum við framhaldsskólann myndi hafa jákvæð áhrif á á tvennskonar hátt. Í fyrsta lagi ætti framhaldsskólinn tryggara bakland í nærsamfélaginu og í annan stað má ætla að hann fengi meiri og kerfisbundnar endurgjöf á námsframboð sem gæti skerpt faglegar áherslur hans. Ætla mætti að slík uppbygging myndi einnig skapa sveitarfélaginu sérstöðu þar sem fáir ef nokkrir staðir geta státað af samþættaðri skólaþjónustu frá leikskólastigi upp á framhaldsskólastig. Þetta myndi með öðrum orðum skapa möguleika á skapandi þróunarstarfi í menntamálum.

Á sama hátt má ætla að flutningur grunnskólastigs frá Laugum myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir Framhaldsskólann og um leið þéttbýlið. Framhaldsskólinn ætti erfiðara með að skapa og viðhalda tengslum við grunnskólabörn og verið væri að skerða þjónustu í þéttbýlinu. Það ber þó að varast að stilla hlutunum upp þannig að þetta sé val á milli uppbyggingar fyrir þéttbýli sveitarfélagsins eða dreifbýlið. Rétt er að taka útgangspunkt í þeirri spurningu hvernig hægt sé að efla þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins alls og ástæða fyrir því að mikilvægi þjónustu í þéttbýli er undirstrikað hér er að það er ákveðin grunnstoð í samfélaginu sem ber að varast að veikja.

Ef einn sameinaður grunnskóli yrði byggður upp á Laugum liggur einnig beint við að sameinaður tónlistarskóli og leikskóli yrði starfræktur þar einnig. Eins og áður hefur komið

fram er færsla leikskóla þó ákveðnum vandkvæðum bundið. Líklegt er t.d. að leikskóli yrði enn um sinn að vera starfandi á Stóru Tjörnum einfaldlega vegna fjarlægðar.

Að lokum

Svör við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hníga öll að sömu rökum. Í fyrsta lagi, að hagstæðast sé, útfrá fjárhagslegum, faglegum og samfélagslegum forsendum að byggja upp eina skólastofnun á Laugum sem samþættaði grunnskóla og tónlistarskóla og jafnvel leikskólástig einnig, að minnsta kosti á þann hátt að það væri undir sömu stjórn þó að starfið væri unnið á ólíkum stöðum. Í öðru lagi, að þessi uppbygging er ekki raunhæf eins og sakir standa í efnahagsmálum. Það verður þó ekki ljóst nema látið sé reyna á það. Í þriðja lagi, að skref í rétta átt sé að hefja sameiningarferli. Það getur haft mismunandi útfærslur en þær sem nefndar hafa verið hér hafa allar faglega og félagslega kosti. Óvissa ríkir um hvort að fjárhagslegur ávinningur verði strax af þeim breytingum. Í fjórða lagi, að koma skólastofnununum undir eina yfirstjórn þar sem leik- og tónlistarstærskólar væru einnig innan vébanda skólans.

Ljóst er að út frá samtölum við þann breiða hóp fólks sem rætt var í tengslum við þetta mat, að sama hvaða breytingar verður farið út í munu þær ávallt mælast misjafnlega fyrir. Þar af leiðandi er hvatt til þess að sveitastjórnin hafi upplýsingarflæði til íbúa gott og vinnuferli vegna breytinga gagnsætt. Jafnframt, þegar kemur að starfsmannamálum skólana og öllum rekstri þeirra, að það sé ljóst að allir starfsmenn þessara þriggja skóla sitji við sama borð og ef segja á upp vegna tilfærsla þá verði öllum sagt upp og endurráðið inn í þær stöður sem til verða í breyttu fyrirkomulagi.

Í skýrslu sem þessari er ekki hægt að draga upp svart-hvíta mynd af aðstæðum. Óvissa um fjárhagslegar stærðir gerir erfitt um vik að setja fram hreina og klára hagkvæmnisútreikninga. Rík krafa kom fram hjá viðmælendum um að allar breytingar ættu fyrst og fremst að byggja á faglegum og samfélagslegum forsendum og gildum þar sem hagsmunir barnanna ættu að vera í hávegum. Slík gildi eru sjaldan einhlít og hefur því verið leitast við að draga fram ólíkar skoðanir, mismunandi möguleika og þær tillögur sem hagsmunaaðilar sjá helstar fyrir sér að muni bæta og efla skólalald í Þingeyjarsveit.

HEIMILDASKRÁ

Hagstofa Íslands, 2010. <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>, skoðað 29. janúar 2010.

Landmælingar Íslands, 2010. <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog/>, skoðað 3. febrúar 2010.